

Yfirdrifið ævintýri

Bækur

EYJA GULLORMSINS

Eftir Sigrúnu Eldjárn. 209 bls. Mál og menning, 2006.

Eyja Gullormsins er fyrsta sagan í ævintýraþrileik Sigrúnar Eldjárn um unglingspiltinn Ými sem er í áttunda bekk, litlu systur hans Sunnu Maríu, Gunnu, skólasystur Ýmis, og Tuma litla sem hún er að passa. Þau ákveða að róa út í tjarnarhólma sér til skemmtunar og lenda þar í dularfullu ævintýri. Þau lenda raunar í ótrúlega mörgu því í sögunni ægir öllu saman. Nefna mætti leiðarhnoða, fljótandi eyju, leynidyr, sultu sem gefur manni hugrekki, brjálaðan vísindamann, tímaflakk, álög og hamskipti. Sagan er því ansi reikul og yfirdrifið og þar sem kraftaverkin eru alltaf á næsta leiti magnast spennan ekkert að ráði.

Brugðið er á leik með sjónarhornið í sögunni þannig að inn á milli tekur Ýmir orðið af sögumanni og segir frá atburðum í eins konar endurliti líkt og hann sé í viðtali. Þetta kemur skemmtilega út því hann er þá bæði aðalpersóna sögunnar og höfundur hennar og um leið myndast eftirvænting hjá lesandanum. Myndskreytingar sögunnar er eignaðar Ými en skissur hans í teikniblokkina gegna mikilvægu hlutverki í sögunni („scrap-book“-útlit sem gengur oft vel í unglinga). Þetta prýðir söguna töluvert, t.d. eru myndir á bls. 63, 108 og 163 sérlega góðar og falla vel að textanum. Margar myndirnar eru þó alltof vandaðar og þroskaðar til að geta verið eftir svo ungan listamann. Af og til kemur svo rödd seiðkonu inn í söguna en hún grípur til örþrifaráða til að frelsa íbúa eyjarinnar undan álögum. Hún er þó hvorki ógnandi eða sannfærandi enda snýst henni hugur í miðjum klíðum. Sonur hennar, Pétur, er líka grunn persóna sem hugsanlega fær meira svigrúm í næstu bókum ef einhver nennir að bíða eftir því. Samtölin í bókinni flæða vel og virka eðlileg og er það mikil kúnt, sérstaklega þegar um unglinga er að ræða. Sunna María sem er fjögurra ára er kotroskin en hinsvegar hvorki krúttleg né fyndin eins og greinilega ætlast til af henni. Það er ekki gott að segja hvað bíður barnana í framhaldinu en gefið er í skyn að Gunna sé jafnvel blóðskyld Gullorminum svo hann er greinilega ekki úr sögunni.

Sagan snýst um afleiðingar þess þegar græðgi og gullæði ná undirtökunum og minnir það á boðskap Bláa hnattarins eftir Andra Snæ Magnason. Hinn brjálaði Gullormur rænir börnum og notar þau til að framleiða orku svo hann geti búið til meira gull en hann stendur í þeirri trú að hamingjan sé fólgin í auði og völdum. Svo sannarlega er boðskapur sögunnar þarfur á tímum efnishyggju, stundargróða og neyslukapphlaups en umbúðirnar höfða ekki vel til eldri lesenda. Hér hafa börnin væntanlega síðasta orðið en bókum Sigrúnar Eldjárn hefur ávallt verið afar vel tekið af dyggum lesendum hennar.

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>